

AUGLÝSING

106

15. júní

um gjald samkvæmt heimild í samþykkt frá 28. maí 1957 um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 1. gr. samþykktar frá 28. maí 1957, um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, með breytingum 12. febr. 1947 og 13. nóv. 1948 hefur bæjarstjórn Reykjavíkur ákveðið, að gjald fyrir hvert leyfi, sem veitt kann að verða, samkvæmt a- og b-liðum greinarinnar, skuli vera kr. 20000.00 árlega og greiðast ársfjórðungslega fyrirfram.

Ofanskráð gjaldskrá staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, um lokunartíma sölubúða og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1957.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

AUGLÝSING

107

29. júní

um nýja lyfsöluskrá II.

Frá og með 1. júlí 1957 gengur í gildi ný lyfsöluskrá II, útgefin af þessu ráðuneyti 29. júní 1957. Jafnframt fellur úr gildi lyfsöluskrá II frá 1. júní 1956.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 29. júní 1957.

Hannibal Valdimarsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

108

1. júlí

um kjötskoðun í Reykjavík.

Samkvæmt 11. grein laga nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., skal, frá 1. júlí 1957, dýralæknisskoðun á öllu kjöti, sem skoða ber í Reykjavík, fara fram í húskynnum Sláturfélags Suðurlands við Skúlagötu.

Gjald fyrir kjötskoðunina er ákveðið:

Fyrir hvern skrokk af stórgripum	kr. 35.00
Fyrir hvern svínsskrokk	— 35.00
Fyrir hvern kálfsskrokk	— 15.00
Fyrir hvern kindarskrokk	— 3.00

Í ofangreindu gjaldi er innifalið hið lögboðna mats- og skoðunargjald.

109 Brot gegn ákvæðum auglýsingar þessarar varða sektum samkvæmt ákvæðum 1. júlí 14. greinar nefndra laga.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. júlí 1957.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

110
18. júlí

REGLUGERÐ

um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki (neurotrop virus) og kýlapestar (bact. purificiens) í sauðfé.

1. gr.

Skyllt er sauðfjäreigendum, og þeim, sem hafa sauðfé undir höndum, hvar sem er á landinu, að tilkynna hlutaðeigandi oddvita (bæjarstjóra), ef riðuveiki eða kýlapest gerir vart við sig í fjárstofni þeirra, eða ef líkur eru til, að þessir sauðfjársjúkdómar séu til staðar.

Skulu oddvitar hlutast til um að fengin sé staðfesting Tilraunastöðvarinnar á Keldum um, að hér sé um sjúkdóma þessa að ræða. Skal fylgja fyrirmælum Tilraunastöðvarinnar um sendingar á sýnishornum og e. t. v. lifandi kindum, ef þurfa þykir, ásamt nákvæmri skýrslu um sjúkdóminn í hjörðinni.

Tilraunastöðin skal gefa sauðfjársjúkdómanefnd skýrslu um sýkingarstaði svo oft sem þurfa þykir.

2. gr.

Óheimilt er að selja eða flytja sauðfé til lífs eða dvalar frá bæjum, þar sem riðuveiki eða kýlapest hefur verið staðfest. Sama gildir um flutning á fullorðnu fé frá bæjum, sem lausir eru við fjárpestir þessar til þeirra býla eða staða, þar sem sjúkdómar þessir hafa verið staðfestir.

Undanþágur frá þessu banni getur sauðfjársjúkdómanefnd þó gefið að fengnu álitni yfirdýralæknis.

3. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa að sauðfé sé haft í sóttkví um lengri eða skemmri tíma, þar sem riðuveiki eða kýlapest gera vart við sig.

Nefndin getur einnig fyrirskipað sérstakar litarmerkingar á sauðfé, þar sem sýking hefur fundizt, eða grunur leikur á um sýkingu.

Enn fremur er nefndinni heimilt að fyrirskipa varnarráðstafanir, svo sem sótt-hreinsun fjárhúsa og rétta, böðun sauðfjár, ónæmisaðgerðir o. fl., eftir því sem þörf krefur og við á hverju sinni.

4. gr.

Á bæjum, þar sem riðuveiki eða kýlapest gerir verulegt tjón, getur sauðfjársjúkdómanefnd heimilað hlutaðeigandi fjäreigendum niðurskurð á öllu sauðfé á bænnum gegn hliðstæðum styrk á lömb, sem þeir kaupa í stað fellda fjáris og greiddur hefur verið vegna tjóns af völdum garnaveiki, enda sé fyrirmælum nefndarinnar eða fulltrúa hennar um sótt-hreinsun og aðrar varúðarráðstafanir fylgt í hvívetna. Óheimilt er að flytja lömb á heimilið fyrir en sótt-hreinsun er að fullu lokið.